



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2.apríl 2002

Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr.8/1993, með síðari breytingum.

1. Inngangur

Þetta frumvarp er lagt fram til að aðlaga XI.kafli samkeppnislaga að reglugerð EB nr.659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93.gr. (nú 88.gr.)EB-sáttmálans og samræmir hliðstæða grein nr.62 í EES-samningnum. Þarna er kveðið á um að stöðugt skuli fylgjast með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar og eins áætlunum um slíka aðstoð.

2. Frumvarpið

Frumvarpið gerir þá breytingu helsta á samkeppnislögunum að í ákvæðum 47.gr.laganna verður nú gert ráð fyrir að við afturköllun ákvörðunar um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna EES samningsins og skv. ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA skuli aðstoðin endurheimt ásamt vöxtum sem sama eftirlitsstofnun ákveður. Ákvæði um undanþágu ríkis og sveitarfélaga frá skaðabótaábyrgð eru óbreytt.

SVP telja ekki ástæðu til athugasemda við þetta frumvarp sem heild eða einstaka hluta þess.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um umrætt frumvarp.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri